




FRAMSÝN
STETTARFÉLAG PINGEYINGA

Fréttabréf

stettarfélaganna í Þingeyjarsýslum



Blaðsíða 5

Konur í nýju landi

Blaðsíða 7

**Bjarg íbúðafélag
byggir á Húsavík**

Blaðsíða 8

**Orlofskostir
sumarið 2025**

Orlofshús, hótél og fleira í blaðinu



Forsíða

Þessa fallegu mynd tók Hafþór Hreiðarsson. Fréttabréfið er að þessu sinni helgað orlofskostum stéttarfélaganna sumarið 2025. Til greina kemur að bjóða upp á áhugaverða sumarferð. Gangi það eftir verður hún auglýst síðar.

ÚTGEFENDUR

Pingið, félag iðnaðarmanna
Starfsmannafélag Húsavíkur
Framsýn- stéttarfélag

HEIMILISFANG

Garðarsbraut 26 • 640 Húsavík

SÍMI

464 6600

NETFANG

kuti@framsyn.is

HEIMASÍÐA

www.framsyn.is

ÁBYRGÐARMAÐUR

Aðalsteinn Á Baldursson

Yfirlestur og ráðgjöf

Ósk Helgadóttir

Fréttabréfið er skrifað 18. mars 2025

UPPLAG

1000

PRENTUN

Héraðsprent



STARFSMANNAFÉLAG
HÚSAVÍKUR

Aukið framboð á orlofshúsum sumarið 2025

Sameiginleg orlofsnefnd stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum hefur ákveðið að bæta við tveimur orlofshúsum/íbúðum sumarið 2024 fyrir félagsmenn. Annars vegar íbúð í Hraunholtinu á Húsavík og síðan nýju orlofshúsi við Stykkishólm, þannig vilja félögin bæta enn frekar aðgengi félagsmanna að orlofshúsum. Á meðfylgjandi mynd má sjá hluta af orlofsnefndinni við störf á fundi sem haldinn var á dögnum. Framsýn, Pingið, STH og Verkalýðsfélag Þórshafnar eiga aðild að sameiginlegri orlofsnefnd stéttarfélaganna.



Fundað með ráðherra

Fulltrúar frá stéttarfélagunum og sveitarfélögum í Þingeyjarsýslum funduðu á dögnum með Eyjólf Ármannssyni, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og aðstoðarmönnum hans um flugsamgöngur um Húsavíkurflugvöll. Fulltrúar frá fyrirtækjum þ.m.t. ferðapjónustunni, SSNE og Húsavíkurstofu sátu einnig fundinn. Auk þessara aðila hefur HSN í Þingeyjarsýslum aðkomu að málinu. Tilgangur fundarins var að vekja athygli ráðherra á mikilvægi flugsamgangna milli Húsavíkur og Reykjavíkur. Ráðherra tók ábendingum heimamanna vel en þeir hafa myndað með sér baráttuhóp til að berjast fyrir áframhaldandi og öruggum flugsamgöngum inn á svæðið, heimamönnum og öllum þeim sem leið eiga norður í land til hagsbóta.



Heimamenn munu halda áfram að berjast fyrir flugsamgöngum til Húsavíkur.

Mynd: Gunnar Jóhannesson.

Setið og samið við nýja stofnun

Ný stofnun, Náttúruverndarstofnun, hefur tekið við verkefnum sem snúa að náttúruvernd, lífríkis- og veiðistjórnun hjá Umhverfisstofnun og starfsemi Vatnajökulsþjóðgarðs. Stofnunin fer með stjórnáslu, eftirlit og önnur verkefni á sviði náttúruverndar og sjálfbærrar þróunar og á sviði friðlýstra svæða, vernd villtra fugla og spendýra og veiðistjórnunar. Þá sinnir stofnunin samhæfingu í skipulagi svæðisbundinnar stjórnunar og verndar og eftirliti á ofangreindum sviðum.

Starfsgreinasamband Íslands hefur fram að þessu verið með sameiginlegan stofnanasamning við Vatnajökulsþjóðgarð og Umhverfisstofnun. Vinna er hafin við að aðlaga samninginn að nýrri stofnun, Náttúruverndarstofnun. Á meðfylgjandi mynd má sjá formann Framsýnar, Aðalstein Árna og Hjördísi formann Afís, starfsgreinafélags undirbúa viðræður við stjórnendur Náttúruverndarstofnunnar. Með þeim á myndinni er Björg Bjarnadóttir framkvæmdastjóri SGS sem heldur utan um verkefnið fh. aðildarfélaga sambandsins sem aðild eiga að samningnum. Hvað Framsýn varðar starfa landverðir á vegum Náttúruverndarstofnunar víða á félagssvæðinu. Þar á meðal í Mývatnssveit og í Ásbyrgi.



Fyrirtæki – stofnanir

Fyrirtækjum og stofnunum sem hafa innan sinna raða starfsmenn sem greiða til Framsýnar stendur til boða að fá góða styrki til fræðslu eða starfsmenntunar úr kjarasamningsbundnum fræðslusjóðum. Frekari upplýsingar er hægt að nálgast á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Heidelberg með kynningu fyrir Framsýn

Í byrjun febrúar fengu forsvarsmenn Framsýnar kynningu á starfsemi Heidelberg á Íslandi en fyrirtækið er með til skoðunar að skoða kosti þess og galla að koma upp starfsemi sinni á Húsavík. Fyrirtækið hefur verið í nánú sambandi við byggðarráð Norðurþings vegna málsins. Fyrirtækið vill koma upp framleiðslu á möluðu móbergi til útflutnings og íblöndunar við sement fáist til þess tilskilin leyfi. Tilgangurinn með verkefninu er ekki síst að stuðla að því minnka verulega kolefnisspor sementsframleiðslu. Það verður forvitnilegt að fylgjast með framvindu málsins en mikill áhugi er fyrir því að efla atvinnustarfsemi á Húsavík enda búum við vel hvað varðar náttúruauðlindir. Meðfylgjandi mynd tengist verkefninu ekki beint.



Lágmarksfélagsgjald og kjörgengi

Félagsgjöld í Framsýn eru ákveðin á aðalfundi félagsins á hverjum tíma. Þau hafa verið óbreytt til fjölda ára eða 1% af launum starfsmanna. Til að teljast fullgildur félagsmaður þurfa menn að vera á vinnumarkaði og hafa náð að greiða lágmarksfélagsgjald kr. 16.379,- á árinu 2024. Félagsmenn sem eru á vinnumarkaði og ná ekki að greiða lágmarksgjaldið s.s. vegna þess að þeir eru í hlutastarfi eða störfuðu á vinnumarkaði, aðeins hluta af árinu, stendur til boða að greiða mismuninn á greiddu félagsgjaldi á árinu og lágmarksgjaldinu enda ætli þeir sér að vera áfram á vinnumarkaði. Geri menn það hafa menn fullt kjörgengi í félaginu og teljast fullgildir félagsmenn. Eða eins og stendur í lögum félagsins; „Þeir félagsmenn, sem ekki hafa náð að greiða það lágmarksgjald, sem aðalfundur hefur ákveðið skulu færðir á aukafélagaskrá. Greiði þeir skuld sína vegna næstliðins starfsárs fyrir 31. mars, skulu þeir á ný færðir á skrá yfir fullgilda félagsmenn.“ Rétt er að taka skýrt fram að greiðslur til félagsmanna úr sjóðum félagsins s.s. sjúkra- orlofs eða starfsmenntasjóðum taka ávallt mið af greiðslum atvinnurekenda í þessa sjóði af viðkomandi félagsmönnum ekki lágmarksgjaldinu enda kjarasamningsbundið að atvinnurekendur greiði í þessa sjóði, ekki almennir félagsmenn. Frekari upplýsingar eru í boði á Skrifstofu stéttarfélaganna eða með því að senda fyrirspurn á netfangið kuti@framsyn.is.

Staðan tekin með formanni Framsýnar

Þingmennirnir Jens Garðar Helgason, Vilhjálmur Árnason og Diljá Mist Einarsdóttir komu við á Skrifstofu stéttarfélaganna. Vildu þau fræðast um stöðuna á svæðinu og helstu áherslumál heimamanna varðandi atvinnu- og byggðamál. Þá var einnig farið inn á velferðar- og samgöngumál sem og mikilvægi góðar heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni. Formaður Framsýnar kallaði eftir átaki í viðhaldi á þjóðvegum í Þingeyjarsýslum. Þá væri ástandið á brúnni yfir Skjálfandafljót við Rangá ekki boðlegt. Flugmál voru einnig til umræðu og sagðist Aðalsteinn Árni ekki annað fært en að stjórnvöld kæmu að því að styrkja flug til Húsavíkur til frambúðar. Flug til Húsavíkur legðist af í mars eftir þriggja mánaða fjárstuðning frá ríkinu sem væri gjörsamlega ólíðandi með öllu. Eftir góðar umræður var Aðalsteini Árna formanni boðið í heimsókn á Alþingi, þannig gæfist honum tækifæri á að fylgja betur eftir áherslum félagsmanna Framsýnar, íbúum í Þingeyjarsýslum til framdráttar. Framsýn hefur í gegnum tíðina lagt mikið upp úr því að eiga gott samstarf við þingmenn á hverjum tíma um málefni er tengjast velferð og uppbyggingu í Þingeyjarsýslum íbúum til heilla. Fundurinn með þingmönnum Sjálfstæðisflokksins var verulega ánægjulegur.



Takk fyrir ánægjulegar heimsóknir

Öskudagurinn á Húsavík fór vel fram í góðu veðri. Eftir að frí var gefið í Borgarhólsskóla um hádegið gerðu nemendur sér ferð um bæinn og skemmtu sér og öðrum með söng. Að sjálfsgöðu var börnunum þakkað með glaðning frá viðkomandi fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum. Starfsfólk Skrifstofu stéttarfélaganna þakkar öllum þeim frábæru börnum sem komu í heimsókn fyrir komuna.



Verslum í heimabyggð

Viðhöldum verslun og þjónustu með því að versla í heimabyggð.

Stéttarfélagin

Fræðsludagur hjá 10 bekk Borgarhólsskóla

Nemendur í 10 bekk Borgarhólsskóla ásamt fylgdarliði komu í heimsókn á Skrifstofu stéttarfélaganna. Þar fengu þeir innsýn inn í starfsemi stéttarféлага og hvað þau þurfa að hafa í huga þegar þau hefja störf á vinnumarkaði. Formaður Framsýnar gerði þeim grein fyrir helstu atriðum og svaraði fjölmörgum spurningum frá mjög svo áhugasömum og líflegum nemendum sem þökkuðu afar vel fyrir sig. Sögðu fræðsluna koma þeim að góðu gagni þegar þau hæfu störf á vinnumarkaði. Skólastjórnendum er alltaf velkomið að hafa samband við stéttarfélagin, vilji þeir fá áhugaverða kynningu á starfsemi stéttarfélaganna inn í skólana.



Virði strandveiða

Töluverð umræða hefur verið um mikilvægi strandveiða fyrir byggðarlög landsins, ekki síst eftir að núverandi ríkisstjórn boðaði breytingar á kerfinu sem byggja á því að efla strandveidikerfið. Eins og gefur að skilja eru mjög skiptar skoðanir um gagnsemi og mikilvægi strandveiða meðal þjóðarinnar. Sjómannadeild Framsýnar samþykkti á dögunum að kalla eftir upplýsingum frá Norðurþingi á mikilvægi strandveiða fyrir sveitarfélagið enda liggja upplýsingar þess efnis fyrir. Kallað er eftir fjölda báta sem stunduðu strandveiðar frá Húsavík, Kópaskeri og Raufarhöfn árið 2024, heildar aflamagni og hvort vitað sé hversu stór hluti aflans af strandveidibátunum fór til vinnslu hjá fiskvinnslufyrirtækjum í sveitarfélaginu. Upplýsingarnar hafa nú borist félaginu nema hvað ekki liggur fyrir hvað mikið af aflanum var unninn hjá fiskvinnslufyrirtækjum á svæðinu.



Fulltrúar frá Carbfix litu við hjá stéttarfélagunum

Nýlega samþykkti Sveitarstjórn Norðurþings samhljóða viljayfirlýsingu um samstarf við Carbfix varðandi uppbyggingu og rekstur athafnasvæðis til móttöku, niðurdælingar, og bindingar CO2 á Bakka við Húsavík. Carbfix er í eigu Orkuveitu Reykjavíkur. Í viljayfirlýsinguinni kemur m.a. fram að aðilar lýsa yfir áhuga á að móttökustöð Carbfix um niðurdælingu og bindingu á CO2 verði byggð upp á Bakka. Verkefnið falli vel að nýrri umhverfis- og loftslagsstefnu sveitarfélagsins, hringrásarhagkerfinu og þeirri hugmyndafræði sem hefur verið mótuð af samfélaginu um Grænan iðngarð á Bakka. Carbfix kynnti verkefnið fyrir byggðarráði Norðurþings, Framsýn og hagaðilum á Húsavík. Að mati forsvarsmanna stéttarfélaganna er um áhugavert verkefni að ræða sem full ástæða sé að skoða áfram með jákvæðum huga. Þá má geta þess að töluverður fjöldi starfa fylgir starfsemi sem þessari.

Konur í nýju landi

Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum í samstarfi við Norðurþing og Alþýðusamband Íslands stóðu fyrir opinni málstofu og pallborðsumræðum á alþjóðlegum baráttudegi kvenna, laugardaginn 8. mars. Samkoman fór fram í Golfskálanum á Húsavík og var fjölsótt. Sjónum var beint að framlagi kvenna af erlendum uppruna til íslensks samfélags og stöðu þeirra hér á landi. Yfirskrift málstofunnar var „Konur í nýju landi – okkar konur“. Meðal þeirra sem voru með erindi voru Guðrún Margrét Guðmundsdóttir jafnréttisfulltrúi hjá Alþýðusambandi Íslands, Agnieszka Szczodrowska starfsmaður Stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum, Aneta Potrykus formaður Verkalýðsfélags Þórshafnar og Ósk Helgadóttir varaformaður Framsýnar sem jafnframt fór fyrir skipulagningu málstofunnar fh. Framsýnar stéttarfélags. Þá tóku Nele Marie Beitelstein fjölmeningafrú Norðurþings, Aleksandra Leonardsdóttir sérfræðingur ASÍ í fræðslu og inngildingu, Fanný Cloé, íslenskukennari fyrir innflytjendur, Christin Irma Schröder verkefnastjóri hjá PCC og Sylwia Gręda, lögfræðingur og aðstoðarmaður daglegs reksturs hjá Norðursiglingu þátt í pallborðsumræðum. Huld Aðalbjarnardóttir lífþjálfari hélt utan um málstofuna sem var öllum til mikils sóma.



Helga Gunnarsdóttir - kveðjuorð

Helga Gunnarsdóttir lést þann 9. febrúar sl. á Heilbrigðisstofnun Norðurlands Húsavík. Útförin fór fram frá Húsavíkurkirkju 20. febrúar.

Helga var fædd á Húsavík 16. október 1935 og hefði því orðið níráð í haust hefði hún lifað. Helga tók snemma til hendinni líkt og önnur ungmenni í þorpinu við Skjálfanda, sérstaklega fyrir neðan bakkann þar sem ávallt var líf og fjör, enda lífæð þorpsins. Það var alltaf þörf fyrir ungar og duglegar hendur í beitningaskúrunum, í síld og við almenna fiskvinnslu sem síðar átti eftir að verða hennar ævistarf, en hún starfaði lengst af sem fiskvinnslukona hjá Fiskiðjusamlagi Húsavíkur. Á unglingsárum stundaði hún nám við Húsmæðraskólann að Laugalandi í Eyjafirði auk þess að fara á vertíð í Sandgerði þar sem hún kynntist eiginmanni sínum, öðlingsmanninum, Bjarna Siguróla Jakobssyni, sem flutti síðar með henni til Húsavíkur þar sem þau hófu búskap.

Þegar ég var að stíga mín fyrstu skref sem ungur maður á vinnumarkaði kynntist ég Helgu Gunnars. Við unnum þá bæði hjá Fiskiðjusamlaginu, hún í hraðinu við að snyrta fisk og ég í aðgerðinni við hefðbundin fiskvinnslustörf. Þrátt fyrir að hún væri töluvert eldri en ég náðum við vel saman, enda með svipuð áhugamál og brennandi áhuga á verkalyðsmálum. Eftir að ég var kosinn trúnaðarmaður starfsmanna í aðgerðinni rúmlega tvítugur leitaði ég oft til hennar eftir ráðgjöf, það var alltaf ánægjulegt að leita til Helgu Gunnars. Það var gott fyrir ungan óreyndan trúnaðarmann að leita eftir hennar ráðgjöf, enda var hún afar vel inn í öllu sem laut að verkalyðsmálum. Hún veitti mér góð ráð, jafnvel eftir að hún hætti formlegum störfum í þágu Verkalyðsfélagsins.

Helga var mjög virk í starfi Verkalyðsfélags Húsavíkur á sínum tíma, góður félagi. Hún var í aðalstjórn félagsins frá árinu 1983 til 1990. Á þeim tíma gegndi hún stöðu gjaldkera innan félagsins. Hún steig til hliðar á aðalfundi Verkalyðsfélagsins árið 1991 þegar ákveðin kynslóðaskipti urðu í stjórn félagsins. Helga ásamt þeim Helga Bjarnasyni formanni og Kristjáni Ásgeirssyni varaformanni hættu



þá í aðalstjórn félagsins að eigin ósk. Áður hafði Helga verið í ýmsum ráðum, nefndum og stjórn, auk þess að sækja fundi og þing á vegum Verkalyðsfélagsins. Hún var m.a. um tíma í trúnaðarráði auk þess að sitja í stjórn sjúkrasjóðs félagsins. Hvað stjórn sjúkrasjóðsins varðar þá hefur alltaf verið lagt upp úr því að hafa traust og gott fólk í þeirri stjórn, enda verið að vinna með mjög viðkvæmar og persónulegar upplýsingar er tengjast félagsmönnum og veikindum þeirra. Helgu var treyst til þessara verka af sínum félögum innan Verkalyðsfélags Húsavíkur.

Helga Gunnarsdóttir var alla tíð mjög virk og sannur verkalyðsfrömuður og var ávallt tilbúin að taka að sér verkefni fyrir Verkalyðsfélag Húsavíkur í nefndum, ráðum og stjórn. Það var gott fyrir mig að fá að þroskast í starfi sem formaður verkalyðsfélags við hliðina á henni ungur að árum innan verkalyðshreyfingarinnar. Það hefur án efa hjálpað mér mikið í mínum daglegu störfum að verkalyðsmálum.

Mín kæra, hafðu miklar og kærleiksríkar þakkir fyrir leiðsögnina í gegnum verkalyðsbaráttuna og framlag þitt til Verkalyðsfélags Húsavíkur, nú Framsýnar stéttarfélags sem nýtur mikillar virðingar á landsvísi fyrir störf sín í þágu verkafólks. Það er ekki síst þér að þakka og þeim öðrum sem mörkuðu sporin á sínum tíma. Minning um baráttukonu mun lifa áfram um ókomna tíð. Blessuð sé minning þín.

*Aðalsteinn Árni Baldursson
Formaður Framsýnar stéttarfélags*

Framsýn kaupir íbúð í Þorrasölum

Stjórn Framsýnar hefur samþykkt að kaupa eina íbúð í viðbót í Þorrasölum. Þegar hefur verið gengið frá kaupunum. Reiknað er með að íbúðin, sem er á jarðhæð, komist í útleigu í apríl en hún verður afhent í lok mars. Þá verður hún máluð og græjuð. Eftir kaupin á íbúðinni á Framsýn fimm íbúðir í fjölbýlishúsinu og þingið eina. Mikil hagræðing er í því fyrir félögin að eiga allar íbúðirnar á sama stað. Þá er formaður Framsýnar, Aðalsteinn Árni, stjórnarformaður húsfélagsins. Hamingjuóskir til félagsmanna.



Andlitslyfting

Undanfarið hefur verið unnið að því að setja upp nýjar hurðir við aðalinnganginn inn á Skrifstofu stéttarfélaganna og hjá Sparisjóðnum og Sjóvá sem eru í sama húsi. Markmiðið er að bæta aðkomuna fyrir viðskiptavinum, ekki síst hreyfihamlaðra. Það eru töframennirnir Gergely og Kristján Eggertsson sem hafa komið að verkinu auk þess sem Ólafur Emilsson hefur verið ómissandi enda góður verkmaður. Verkinu er nú lokið.



Lykla vantar!

Við viljum minna þá sem eiga eftir að skila lykllum að íbúðum stéttarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu að gera það sem allra fyrst. Nokkuð er um að lykllum sé ekki skilað strax eftir leigu sem er afar óheppilegt.



Bjarg íbúðafélag byggir á Húsavík

Bjarg íbúðafélag hefur unnið að því undanfarið að byggja sex íbúða raðhús að Lyngholti 42-52 á Húsavík. Einingarnar komu frá Selfossi til Húsavíkur fyrir síðustu helgi og er unnið að því að reisa raðhúsið um þessar mundir. Gangi allt eftir verða íbúðirnar tilbúnar á næstu vikum. Rúmlega 40 umsækjendur voru um þessar sex íbúðir. Greinilegt er að mikil þörf er fyrir frekari uppbyggingu á Húsavík sem Framsýn mun fylgja eftir í góðu samstarfi við Norðurþing og Bjarg. Um er að ræða sérþýli með litlum garði og allar íbúðir með tveimur bílastæðum. Allar íbúðirnar eru 4ra herbergja. Íbúðirnar eru ætlaðar fyrir félagsmenn Framsýnar, Þingiðnar og Starfsmannafélags Húsavíkur sem eru á leigumarkaði og standast þær reglur sem gilda um úthlutun íbúðanna. Þá hafa félagsmenn innan aðildarfélaganna ASÍ og BSRB sem búa utan félagssvæðið stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum einnig aðgengi að íbúðunum. Full ástæða er til að fagna þessum áfanga. Norðurþing kemur að þessu verkefni með Bjargi íbúðafélagi. Hægt að lesa frekar um starfsemi Bjargs íbúðafélags á heimasíðu félagsins: <https://www.bjargibudafelag.is/>. Bjarg er rekið án hagnaðarmarkmiða og er ætlað að tryggja tekjulágum fjölskyldum á vinnu- markaði aðgengi að öruggu íbúðarhúsnæði í langtíma- leigu. Um er að ræða svokölluð leiguheimili að norrænni fyrirmynd, „Almene boliger“. Fyrstu íbúðir voru afhentar leigutökum í júní 2019 á höfuðborgarsvæðinu. Framsýn hefur lengi barist fyrir því að Bjarg komi að því að byggja leiguhúsnæði fyrir tekjulága á Húsavík og víðar á félagssvæðinu enda sé grundvöllur fyrir því. Það er í fullu samstarfi við sveitarfélögin og verkalyðsfélögin í Þingeyjarsýslum. Það verður því afskaplega gleðilegt þegar nýju íbúðirnar verða teknar í notkun á næstu vikum.



Sumarhús, íbúðir, hótél og fleira

-fjölbreyttir orlofskostir fyrir félagsmenn-

Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum, Framsýn, Þingið, Starfsmannafélag Húsavíkur og Verkalýðsfélag Þórshafnar bjóða félagsmönnum upp á sameiginlega orlofskosti sumar og vetur. Flest orlofshús eru þó aðeins í útleigu yfir sumarið. Félagsmönnum stendur auk þess til boða orlofsíbúðir á Húsavík, Akureyri og höfuðborgarsvæðinu. Þá er í boði tjaldbæðastyrkir og gistiávisanir á hótél og gistiheimili víða um land.

Í sumar standa félagsmönnum til boða eftirtalin orlofshús og íbúðir:

Arnarborg 16, Stykkishólmi



Húsið er 110 fermetrar. Hefur þrjú svefnherbergi, stofu, eldhús, baðherbergi, þvottahús og útigeyslu. Svefnpláss er fyrir sex manns í rúmum. Leirtau og

búnaður fyrir að minnsta kosti átta manns. Útihúsgögn og gasgrill fylgja húsinu. Heitur pottur er á palli. Sængur og koddar eru í húsinu.

Orlofshús Kjarnaskógi - Hús nr. 3



Í Kjarnaskógi við Akureyri er boðið upp á vel búið 53 m² orlofshús. Í húsinu er þrjú svefnherbergi, eitt með hjónarúmi og tveim aukadýnum og hin tvö með kofu. Þvottavél er í orlofshúsinu.

Við húsið er góð verönd og heitur pottur.

Orlofshús á Einarstöðum



Sumarhúsin að Einarstöðum eru í um 11 kílómetra fjarlægð frá Egilsstöðum en þar er hægt að sækja alla almenna þjónustu, sundlaug, heita potta, matvöruverslanir, flugsamgöngur, lyfjaverslun

o.fl. Heitur pottur er við bústaðinn. Stærð bústaðarins er 45 fm sem skiptast í þrjú svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi með sturtu. Svefnaðstaða er fyrir 8 manns. Í tveimur herbergjum eru tvíbreið rúm og kofa yfir en í þriðja herberginu eru kofur. Búnaður: Borðbúnaður, pottar, pönnur, sængur og koddar fyrir átta manns fylgja. Lín fylgir ekki en hægt er að fá það leigt á staðnum. Sækja og greiða þarf fyrir línið hjá umsjónarmanni á Einarstöðum.

Umsóknarfrestur er til 10. apríl

Leiguverð sumarið 2025

Líkt og undanfarin ár bjóða félagin upp á orlofshús og íbúðir. Ákveðið hefur verið að leigugjald fyrir orlofshús og íbúðir verði kr. 33.000 á viku sumarið 2025. Almennir skiptidagar eru fimmtudagar eða föstudagar. Á umsóknar-eyðublaði sem fylgir fréttabréfinu kemur fram hvaða vikur orlofshús eru í boði og hvort skiptidagarnir eru fimmtudagar eða föstudagar. Einnig er hægt að nálgast umsóknarblöð á heimasíðu stéttarfélaganna www.framsyn.is.

Umsóknum skal skila til Skrifstofu stéttarfélaganna í síðasta lagi 10. apríl nk. Úthlutun fer svo fram næstu daga þar á eftir.

Ekkert punktakerfi

Ekkert punktakerfi er við lýði hjá stéttarfélagunum, þess í stað er leitast við að útvega félagsmönnum orlofshús á hverju ári sem tekur mið af framboðinu sem er á hverjum tíma hjá félagunum.

Flókalundur - Barðaströnd



Húsið sem er 42 fm. stendur í Orlofsbyggðinni í Flókalundi sem er rómað svæði fyrir fegurð og stórbrotið landslag enda á Vestfjörðum. Húsið er með 2 svefnherbergjum, stofu og borðstofu með

eldhúskrók. Svefnpláss og sængur eru fyrir 6 manns og hægt er að fá lánaða dýnu hjá umsjónarmanni.

Bjarkarsel - Flúðum



Orlofshúsið er staðsett í Ásabyggð á Flúðum, ca 100 km frá Reykjavík. Húsið sem er 52 fm skiptist í forstofu, 2 svefnherbergi með sængum og koddum og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss fyrir fjóra í tveimur tvíbreiðum

rúmum. Stofan er með sjónvarpi, dvd og útvarpi og fullbúið eldhús. Stór sólpallur er við húsið og þar er heitur pottur í góðu skjóli með gasgrilli. Mikill trjágróður er umhverfis með útiverusvæði fyrir börnin. Mikið er af merktum gönguleiðum í nágrenninu. Stutt er í hraðbanka, verslun, golfvelli, sundlaug, veitingastaði og fleira. Skammt frá Flúðum er Gullfoss, Geysir, Háifoss, Gjáin og Þjórsárdalur svo eitthvað sé nefnt. Nánari upplýsingar bustadur.is

Illugastaðir Hús nr. 6



Í boði er 48 m² orlofshús í orlofsbyggðinni Illugastöðum í Fnjóskadal. Byggðin er staðsett á milli Húsavíkur og Akureyrar. Í húsinu er tvö svefnherbergi, annað með hjónarúmi og hitt með tveimur kojum. Í stofu er svefnsofi. Við húsið er góð verönd með heitum potti. Á Illugastöðum er gott leiksvæði fyrir alla fjölskylduna og sundlaug með heitum pottum.

Orlofshúsið Mörk Grímsnesi



Orlofshúsið er um 52 m² að stærð með þremur svefnherberjum. Í einu þeirra er hjónarúm og efri koja en í hinum eru kojur. Við húsið er góð verönd og heitur pottur. Húsið er vel staðsett um 15 km frá Selfossi, vestarlega í Grímsnesinu við Sogið. Orlofshúsið Mörk stendur í hverfinu Skjólborgum við götuna Fljótsbakka 20.

Orlofshús Öxarfirði



Í Dranghólaskógi við Lund bjóða félagin upp á orlofshús allan ársins hring sem stendur á einstaklega fallegum stað. Húsið er vel

búið með þremur svefnherbergjum, einu með hjónarúmi og hinum með kojum. Í húsinu eru tvær aukadýnur. Í ár verður húsið í leiguskiptum frá 30. maí til 29. ágúst en hægt er að fá húsið leigt utan þess tíma.

Sólheimar 23 Reykjavík



Íbúðin í Sólheimum er þriggja herbergja. Tvö svefnherbergi eru í íbúðinni, annað er hjónaherbergi með hjónarúmi og hitt herbergið er með tveimur kojum með fjórum svefnstæðum.

Auk þess er barnarúm til staðar. Þá er tvíbreiður sófi í stofunni.

Furulundur 11e - Akureyri



Íbúðin er rúmgóð með þremur svefnherbergjum, það er hjónaherbergi og tveimur herbergjum með þremur rúmum og tveimur auka dýnum. Þá er barnarúm í íbúðinni.

Góð verönd er við íbúðina sem er endaíbúð í raðhúsi.

Orlofshús Eiðum



Í orlofsbyggðinni Eiðum, sem er 14 km norðan við Egilsstaði, er boðið upp á 54 m² orlofshús. Miklar endurbætur hafa verið unnar á húsinu og í nágrenni þess. Aðgengi að húsinu hefur verið bætt verulega. Húsið stendur við Eiðavatn og fylgir því aðgangur að árabát.

Þorrasalur 1-3 í Kópavogi



Í boði eru fimm glæsilegar þriggja herbergja íbúðir í Þorrasölum 1 – 3 í Kópavogi. Íbúðirnar eru 80 til

100 fm. Í íbúðunum eru tvö herbergi með svefnstæðum fyrir fjóra. Auka dýnur fylgja einnig íbúðunum. Nokkrar góðar gönguleiðir eru í næsta nágrenni við Þorrasali en fjölbýlishúsið er rétt við útivistarsvæði höfuðborgarbúa.

Orlofshúsið í Svignaskarði - Hús no. 5



Húsið er með þremur svefnherbergjum, stofu, eldhúsi, baðherbergi og geymslu. Svefnpláss er fyrir 6 - 8 manns í rúmum, leirtau og búnaður fyrir a.m.k. 10 manns. Heitur pottur er við húsið og gasgrill fylgir. Gestum er heimilt að

koma í húsið frá kl. 16:00 á komudegi og skila þeim hreingerðum fyrir kl. 12:00 á brottfarardegi. Föstudagar eru skiptidagar.

Hraunholti 26-28 - Húsavík




Um er að ræða parhús, 4 herbergja á einni hæð. Eignin er 105,7 m² að stærð auk þess sem um 12 m² garðskúr er við húsið. Íbúðin

samanstendur af þremur svefnherbergjum, baðherbergi, eldhúsi, stofu, forstofu, þvottahúsi og garðskúr. Svefnstæði eru fyrir sex gesti auk þess sem tvær dýnur eru í íbúðunum. Barnarúm fylgir íbúðinni. Við húsið er verönd með heitum potti og fallegum garði.

Orlofskostir á netinu

Félagsmenn sem vilja fræðast betur um þá orlofskosti sem eru í boði á vegum stéttarfélaganna geta farið inn á heimasíðu stéttarfélaganna www.framsyn.is.

Alba gistiheimili – góður kostur



Við viljum benda á athyglisverðan kost fyrir félagsmenn sem eiga leið í styttri ferðir til Reykjavíkur sem er Alba gistiheimili. Það er vel staðsett að Eskihlíð 3 sem er á milli Miklubrautar og

Bústaðavegar og því stutt frá flugvellinum. Hægt er að bóka einstaklingsherbergi og upp í fjögurra manna herbergi á mjög hóflegu verði. Sjá frekar inn á orlofsíðu Stéttarfélaganna.

Ánægðir með ferðaávísunina

Ljóst er að félagsmenn stéttarfélaganna eru duglegir við að notast við afsláttarkjör sem þeim bjóðast með kaupum á ferðaávísunum á heimasíðu félaganna, www.framsyn.is. Á árinu 2024 fengu félagsmenn um 3 milljónir í styrki frá félögunum í gegnum kaup á ferðaávísunum. Það er fyrir utan afsláttinn sem félögin höfðu áður samið um við ferðapjónustuaðila víðs vegar um landið og tilteknir eru inn á orlofsvef stéttarfélaganna undir þeim hótélum sem samið hefur verið við um þessi afsláttarkjör. Á hverju ári stendur félagsmönnum til boða 20.000 kr. ferðaávísun hjá félögunum. Frekari upplýsingar eru í boði á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Ávísun á frábært sumar

Við bjóðum félagsmönnum að kaupa ferðavísun sem tryggir gistingu á góðu verði í sumar. Í samstarfi við líkensk hótél og gistiheimili.

Sérútlit þess á orlofsvef félagsmanna í Framsýn.is og heimasíðu hótela tilboða á www.framsyn.is og heimasíðu hótela tilboða á www.framsyn.is og heimasíðu hótela tilboða á www.framsyn.is.

Kaupir ferðavísun og njóttu Íslands á verkjörum.



Veidikortið 2025

Veidikortið 2025 stendur félagsmönnum stéttarfélaganna til boða á sérstöku vildarverði, eða 5.700 krónur. Fullt verð er kr. 9.900. Greiða þarf fyrir veiðikortin á Skrifstofu stéttarfélaganna. Síðan munu þau berast félagsmönnum með pósti. Helstu upplýsingar um veiðikortið má nálgast á www.veidikortid.is.



Konvin Hotel By Keflavik Airport



Stéttarfélagin hafa verið með samning við Konvin Hotel By Keflavik Airport. Hótelið hefur verið mjög vinsælt meðal félagsmanna stéttarfélaganna enda góður valkostur fyrir þá sem eru að ferðast til og frá Íslandi en aðeins 6 mínútna akstur er að Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Akstur frá hótelinu á Keflavíkurflugvöll er innifalinn í verðinu fyrir gistingu. Með því að fara inn á orlofsvef stéttarfélaganna geta menn keypt ferðaávísun sem gildir sem afsláttur fyrir félagsmenn á gistingu. Auk þess hefur verið samið um viðbótarafslátt sem er innifalinn í uppgefnu verði á orlofsvefnum.

Veruleg niðurgreiðsla

Þess má geta að félögin taka á leigu orlofshús víða um land til að koma til móts við þarfir félagsmanna. Ekki er óalgengt að félögin þurfi að greiða um 60.000 til 100.000 í leigu fyrir vikuna.

Leiguverðið í sumar til félagsmanna verður

kr. 33.000,-.

Félagsmenn greiða því aðeins hluta að því sem það kostar fyrir stéttarfélagin að hafa húsin á leigu.

Tjaldstæðastyrkur- Útilegukort

Félagsmenn geta sótt um styrk vegna gistingar á tjaldstæðum og við kaup á útilegukortinu. Það gerist þannig að félagsmenn og fjölskyldur þeirra fara með sitt tjald, tjaldvagn, fellihýsi, hjólhýsi eða annan búnað á tjaldsvæði innanlands, fá löglegan reikning (númeraður reikningur með kennitölu söluaðila og kaupanda þjónustu), framvísa síðan reikningnum á Skrifstofu stéttarfélaganna og fá endurgreiðslu fyrir hluta upphæðarinnar eða allt að kr. 28.000,-.

Lausar vikur í orlofshúsum

Þegar búið verður að úthluta orlofshúsum til félagsmanna í apríl verður hægt að sjá hvaða vikur eru lausar vakni áhugi hjá þeim félagsmönnum sem sóttu ekki um fyrir tilsettan tíma að bregða sér í orlofshús í sumar.

Ferðaávisun í boði

-Kostakjör fyrir félagsmenn-

Félagsmenn sem velja að ferðast um landið í sumar og gista á þeim fjölmörgu hótélum og gistiheimilum sem stéttarfélögin hafa samið við um afsláttarkjör fyrir félagsmenn eiga rétt á ferðaávisun til viðbótar upp á kr. 25.000. Ávisunina geta félagsmenn notað til að niðurgreiða dvölinu á hótélum og gistiheimilum sem finna má á orlofsvef stéttarfélaganna. Ferðaávisunin virkjust sjálfkrafa sé gisting á hótélum eða gistiheimilum pöntuð í gegn um orlofsvefinn. Það er, menn geta notað ávisunina til að greiða hverja nótt niður um 20% þó að hámarki kr. 25.000,-. Fram hefur komið hjá félagsmönnum að þeir eru mjög ánægðir með þennan möguleika að geta ferðast um landið og gisti á hótélum og gistiheimilum á sérkjörum stéttarfélaganna. Hér að neðan má sjá dæmi um fjölmarga gistimöguleika og gönguferðir sem eru í boði fyrir félagsmenn sem geta tekið breytingum milli ára. Nánari upplýsingar eru að sjálfsögðu í boði á Skrifstofu stéttarfélaganna.



Hótel Laugabakki

Norðurland




Hótel Vestmannaeyjar

Suðurland



Íslandshótel Reykjavík

Höfuðborgarsvæðið




Ferðafélag Íslands

Suðurland



Langholt

Vesturland



Siglunes

Norðurland



Hótel Varmahlíð

Norðurland



Hótel Katla

Suðurland

Orlofshús á Spáni

Til leigu fyrir félagsmenn

Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum hafa fengið aðgengi fyrir félagsmenn að tveggja herbergja íbúð í Alicante á Spáni. Um er að ræða íbúð á neðri hæð í litlu fjölbýli með nokkuð stóru útsvæði sem tilheyrir þessari íbúð eingöngu. Auk svefnherbergis er baðherbergi, rúmgóð stofa, eldhús og þvottahús með þvottavél. Í heildina eru svefnstæði fyrir fjóra í tvíbreiðu rúmi í herbergi og svefnsófa í stofunni. Í húsinu eru rúmföt og tuskur. Íbúðin er í lokuðum íbúðarkjarna með sér sundlaug og útsvæði. Frá flugvelli í Alicante er um 40 km að íbúðinni. Auðvelt er að komast að henni frá flugvelli með rútu, leigubíl eða bílaleigubíl. Margvísleg afþreying er á svæðinu, svo sem bátsferðir, skemmtisiglingar og fleira. Þá er í göngufæri verslunarkjarni þar sem finna má úrval verslana s.s. Primark og H&M. Einnig er stutt í matvöruverslanir s.s. Carrefour. Nokkur flugfélög fljúga til Alicante s.s. Icelandair.

Verð á íbúð:

Vikuleiga er kr. 56.000,- og hver dagur eftir það kostar kr. 8.000,-.

Frá þessu verði dragast til viðbótar sérkjör félagsmanna kr. 2.000 per. dag sem gist er í íbúðinni. Félagsmenn geta fengið íbúðina leigða í allt að 14 daga enda sé hún laus. Ekki er vitlaust að miða tímabil dvalar við hvenær ódýrast er að fljúga til Alicante. Frekari upplýsingar eru í boði á Skrifstofu stéttarfélaganna. Eða hjá umsjónarmanni á Spáni sem er Inga J. Hjaltadóttir. Netfangið er ingajh@hotmail.com. Þangað er einnig hægt að senda fyrirspurnir um íbúðina.



Reykingar og húsdýr



Reykingar eru bannaðar í sumarhúsum og íbúðum á vegum félaganna. Félagsmenn eru hvattir til að virða þetta bann. Húsdýr eru ekki leyfð í orlofshúsum og íbúðum. Brot á þessum reglum varða tafarlausri brottvikningu úr húsnæðinu og sektum.

Gisting í farfuglaheimilum

Félagsmönnum og fjölskyldum þeirra býðst gistingu á farfuglaheimilum víða um land. Þeir sem kjósa að gista á farfuglaheimilum fá aðgang að rúmi, sæng kotta, snyrtingu, baðaðstöðu og gestaeldhúsi. Algengast er að ferðamenn hafi með sér sængurföt eða svefnpoka. Víða er hægt að leigja sængurföt og kaupa morgunverð. Yfirleitt er aukagjald fyrir þá sem vilja sér herbergi. Allar nánari upplýsingar eru veittar þar eða á heimasíðu farfugla www.hostel.is eða á skrifstofu þeirra í síma 553-8110. Gisti félagsmenn á farfuglaheimilum geta þeir framvísað reikningum fyrir gistingunni á Skrifstofu stéttarfélaganna. Gegn því færst endurgreiðsla að upphæð kr. 2.500 per nótt fyrir gistinguna.



Orlofshús fyrir félagsmenn

Rétt er að vekja athygli á því að orlofshús stéttarfélaganna eru aðeins fyrir félagsmenn og fjölskyldur þeirra. **Það þýðir að félagsmönnum er óheimilt með öllu að taka á leigu hús fyrir aðra en þá sjálfa.**

15% afsláttur í Jarðböðin

Samkvæmt samkomulagi eiga félagsmenn stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum rétt á 15% afslátti fari þeir í Jarðböðin í Mývatnssveit. Áður en farið er, þurfa félagsmenn að koma við á Skrifstofu stéttarfélaganna og fá sérstök afsláttarkort.

Fréttabréfið liggur frammi í verslunum

Því miður er pósturinn að mestu hættur að bera út fjölpóst. Þess vegna mun Fréttabréfið ekki berast lesendum í Þingeyjarsýslum með póstinum. Þess í stað geta félagsmenn og aðrir dyggir lesendur nálgast Fréttabréfið í helstu matvörubúðum á svæðinu auk þess sem það liggur frammi á Skrifstofu stéttarfélaganna.



Framsýn selur íbúð í Asparfelli 8

Stjórn og trúnaðarráð Framsýnar hefur samþykkt að selja íbúð félagsins í Asparfelli 8 í Reykjavík. Óhentugt hefur verið að eiga íbúð í fjölbýlishúsinu þar sem allar aðrar íbúðir félagsins eru í Þorrasölum í Kópavogi. Gengið var frá sölunni í febrúar og er íbúðin því ekki lengur í útleigu til félagsmanna. Í stað íbúðarinnar í Asparfelli hefur Framsýn



fest kaup á íbúð í Þorrasölum. Íbúðir félagsins og Þingiðnar eru því allar í sama fjölbýlishúsi. Framsýn og Þingiðna eiga orðið sex íbúðir í Þorrasölum og þá á Starfsmannafélag Húsavíkur eina íbúð í Sólheimum. Áhugi er innan Starfsmannafélagsins að selja íbúðina í Sólheimum og kaupa þess í stað íbúð í Þorrasölum. Málið er í skoðun.

Kjarasamningar SGS í boði

Eitt af hlutverkum Starfsgreinasambandsins er að gefa út þá kjarasamninga sem sambandið á aðild að, bæði á prenti og á stafrænu formi (PDF). Sambandið hefur á undanförunum mánuðum unnið að svokölluðum heildarútgáfum á þeim samningum sem undirritaðir voru 2024 og hefur sú vinna m.a. falið í sér nýja uppsetningu og breytt útlit. Allt umbrot er nú orðið stílhreinna og staðlaðra sem gerir samningana mun læsilegri fyrir vikið. Þá er komin skýrari litapalletta sem hjálpar til við aðgreiningu samninganna og mun sambandið koma til með að nota viðkomandi liti í auknum mæli á öðrum miðlum, s.s. nýrri vefsíðu sem fer senn í loftið. Þessari heildarútgáfu er nú lokið og eru vefútgáfur samninganna orðnar aðgengilegar á vef stéttarfélaganna framsyn.is. Þá eru prentuð eintök aðgengileg félagsmönnum Framsýnar á Skrifstofu stéttarfélaganna. Félagið á aðild að þessum samningum.

Þingmaður og verkalyðsforingi á Menntadegi atvinnulífsins

Menntadagur atvinnulífsins fór fram á Hilton Nordica þann 11. febrúar undir yfirskriftinni „Störf á tímamótum“. Menntadagurinn er sameiginlegt verkefni Samtaka atvinnulífsins og allra aðildarsamtaka þar sem fræðslu- og menntamál atvinnulífsins eru í forgrunni. Á Menntadeginum var 25 ára afmæli starfsmenntasjóðanna m.a. fagnað, menntaverðlaun atvinnulífsins afhent og staða menntunar rædd í arinspjalli við forseta Íslands, Höllu Tómasdóttur. Eftir formlega athöfn var gestum Menntadagsins boðið að taka þátt í tveimur lotum af áhugaverðum málstofum og kynna sér árangur fjölbreyttra fyrirtækja í fræðslu- og menntamálum á sérstöku menntatorgi dagsins. Meðal þeirra sem tóku þátt í Menntadeginum var formaður Framsýnar, Aðalsteinn Árni Baldursson. Var hann beðin um að vera í áhugaverðu pallborði um „Starfsánægju og samkeppnishæfni – Fagbréf atvinnulífsins“.

Menntadagur atvinnulífsins er samstarfsverkefni SVP – Samtaka verslunar og þjónustu, Samorku, Samtaka ferðaþjónustunnar, Samtaka fjármálafyrirtækja, Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtaka iðnaðarins, og Samtaka atvinnulífsins.



Þingmaðurinn Eiríkur Björn Björgvinsson lét sig ekki vanta á Menntadaginn frekar en Aðalsteinn Árni formaður Framsýnar. Eiríkur er þingmaður Viðreisnar í Suðvesturkjördæmi.

Stéttarfélagin bjóða félagsmönnum upp á góðan afslátt á flugi með Icelandair milli landa. Með því að kaupa Gjafabréf Icelandair inn á orlofsvef stéttarfélaganna á kr. 24.000,- gildir það sem kr. 30.000,- upp í ferðina. Hverjum félagsmanni er heimilt að kaupa tvö gjafabréf á ári með Icelandair.

Frekari upplýsingar eru á <http://orlof.is/framsyn/>



Framsýn styrkir Ungmennafélagið Bjarma

Umf. Bjarmi í Fnjóskadal hefur fjárfest í skiðagönguspora ásamt beltabúnaði og tönn. Hefur Land og Skógur, sem hefur yfirumsjón með Vaglaskógi tekið að sér að sjá um sporann, troða brautir, grisja og huga að öðru sem tryggir að allar aðstæður verði til fyrirmyndar. Nýi búnaðurinn mun gjörbreyta aðstöðu fyrir skiðagöngufólk og annað útivistarfólk sem sækja skóginn heim yfir vetrartímann. Stjórn og trúnaðarráð Framsýnar samþykkti nýverið að leggja verkefninu til kr. 200.000,-. Þannig vill félagið koma að því að efla starfsemi Ungmennafélagsins Bjarma sem gegnir líkt og önnur ungmennafélög mikilvægu hlutverki í sínu byggðarlagi. Búnaðurinn kostar nokkrar milljónir og hafa einstaklingar, félagasamtök og fyrirtæki lagt verkefninu lið með fjárframlögum. Það var Ósk Helgadóttir varaformaður Framsýnar sem afhenti Úllu Árdal gjöfina frá félaginu en hún er formaður Umf. Bjarma.



Nýtt og betra flokkunarkerfi í Furulundi

Framsýn hefur gengið frá nýju tunnuskýli við íbúð félagsins í Furulundi á Akureyri. Framvegis verður gestum félagsins gert að flokka ruslið sem fellur til við dvöl í orlofsíbúðinni. Búið er að koma fyrir þremur tunnnum í sérstöku tunnuskýli. Þess er vænst að gestir verði duglegir að flokka, ef ekki, fá menn ekki frekari aðgang að íbúðinni enda gerir Akureyrbær miklar kröfur um að íbúar og gestir þeirra á Akureyri kappkosti að flokka ruslið. Gestir Framsýnar virða það að sjálfsögðu enda annt um náttúruna.



Allt með kyrrum kjörum

Aðalfundur Deildar verslunar- og skrifstofufólks innan Framsýnar var haldinn í byrjun janúar sl. Alls greiddu 444 einstaklingar til deildarinnar á árinu 2024. Um er að ræða töluverða fjölgun milli ára þar sem 334 greiddu til deildarinnar árið 2023. Með gjaldfrjálsum eru félagsmenn deildarinnar alls 488. Á fundinum urðu góðar umræður um kjaramál, verslun- og þjónustu á svæðinu sem og fræðslumál. Á árinu 2024 voru veittir 48 námsstyrkir til félagsmanna deildarinnar samtals kr. 2.859.640, það er 36 styrkir til kvenna og 12 styrkir til karla. Eftir góðar umræður var komið að stjórnarkjöri. Fyrirliggjandi tillaga um stjórn deildarinnar, starfsárið 2025, var samþykkt samhljóða: Aðalsteinn J. Halldórsson formaður, Elva Héðinsdóttir varaformaður, Harpa Stefánsdóttir ritari. Meðstjórnendur Anna Brynjarsdóttir og Kristbjörg Vala Kristjánsdóttir. Öðlingsdregurinn, Karl Hreiðarsson, sem verið hefur í stjórn deildarinnar undanfarin ár gaf ekki kost á sér til áframhaldandi starfa enda ekki lengur að vinna eftir kjarasamningum LÍV og Samtaka atvinnulífsins sem Deild verslunar- og skrifstofufólks innan Framsýnar á aðild að. Voru honum þökkúð vel unninn störf í þágu deildarinnar.



Íbúðir málaðar í Þorrasölum

Undanfarið hefur verið unnið að því að mála allar íbúðir Framsýnar og Þingiðnar í Þorrasölum. Verkinu er nú lokið. Markmið félaganna er að hafa íbúðirnar ávallt í góðu standi félagsmönnum og fjölskyldum þeirra til yndisauka. Félögin eiga 6 íbúðir í Þorrasölum.



Alltaf stuð í Sjóböðunum

Þau Guðný Margrét, Kinga Kujawa og Kamil Parda sem starfa hjá Sjóböðunum á Húsavík eiga það sameiginlegt að taka vel á móti gestum sem heimsækja Sjóböðin til að njóta lífsins. Þau voru afar hress þegar formaður Framsýnar leit við í heimsókn á dögnum. Sögðu þau að almennt væru gestir mjög ánægðir með upplifun sína í Sjóböðunum.



Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?



Ef ekki er mikilvægt að gengið sé frá kjöri á trúnaðarmanni sem allra fyrst!

Vilja halda sig austan Vaðlaheiðar

Framsýn stéttarfélag hefur tekið til umfjöllunar hugmyndir Félags verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri um sameiningu stéttarféлага á Norðurlandi í eitt 18 þúsund manna stéttarfélag. Framsýn hefur fjallað um erindið. Niðurstaða félagsins er að það sé ekki tímabært að sameinast öðrum stéttarfélögum en þeim sem þegar eru í góðu samstarfi við félagið í dag. Það eru stéttarfélögin Þingið, Starfsmannafélag Húsavíkur og Verkalýðsfélag Þórshafnar sem öll eiga aðild að sameiginlegri skrifstofu á Húsavík, auk þess að vera í góðu samstarfi um málefni er varða starfsemi stéttarféлага s.s. hvað varðar orlofskosti fyrir félagsmenn. Framsýn er opið fyrir því að hefja viðræður um sameiningu þessara féлага enda sé gagnkvæmur áhugi fyrir slíkum viðræðum, það er stéttarféлага sem starfa í Þingeyjarsýslum. Framsýn er félagslega- og fjárhagslega mjög sterkt stéttarfélag sem hefur í gegnum tíðina haft burði til að veita félagsmönnum góða þjónustu og gott aðgengi að styrkjum s.s. náms- og styrkjum vegna veikinda og fyrirbyggjandi aðgerða í formi sjúkradagpeninga. Aðhald í rekstri hefur skilað þessum árangri. Þá hefur félagið látið sig byggða- og atvinnumál varða með það að markmiði að efla svæðið enn frekar félagsmönnum og öðrum íbúum til hagsbóta. Hvað það varðar, verið leiðandi í ákveðnum málum er snúa að atvinnu- og velferðarmálum. Greinilegt er að félagsmenn kunna mjög vel að meta starfsemi félagsins sem skoðanakannanir sem og ásókn í félagið staðfesta. Fyrir liggur að félagsmönnum Framsýnar hugnast ekki að tapa sjálfstæði félagsins og því sem það stendur fyrir í dag. Hafa þeir komið þessum skilaboðum skýrt á framfæri við forsvarsmenn félagsins, ekki síst eftir fréttuumfjöllun um málið á dögnum. Stjórn og trúnaðarráð Framsýnar vill feta þessa leið áfram félagsmönnum og samfélaginu öllu til góða, það er að fylgja eftir skoðunum félagsmanna á hverjum tíma.



Góð þjónusta í boði

Þessir miklu meistarar starfa hjá Íslenska gámafélaginu á Húsavík. Þeir taka öllum vel sem þurfa á þeirra þjónustu að halda þegar komið er með úrgang eða spilliefni til eyðingar. Alltaf hressir. Þetta eru þeir Vilhjálmur Snjólffsson, Einar Þorbergsson og Kristján Óskarsson.



Uppbygging á Þórshöfn

Það er alltaf ánægjulegt að koma til Þórshafnar á Langanesi. Formaður Framsýnar gerði sér nýlega ferð til að heimsækja formann Verkalýðsfélags Þórshafnar auk þess að spjalla við félagsmenn VÞ sem urðu á vegi hans. Að sjálfsögðu var tekið hús á Birni L. Lárussyni sveitarstjóra og hans ágæta samstarfsfólki á skrifstofu Langanesbyggðar sem ekki er skoðanaust. Ánægjulegt er að sjá að uppbygging Ísfélagsins heldur áfram á Þórshöfn en þar er verið að byggja stóra frystigeymslu við höfnina sem ætlað er að bæta alla aðstöðu fyrirtækisins á staðnum. Bygging hennar er nú komin vel á veg ásamt tengibyggingu sem er rúmir 600 fermetrar. Byrjað er að reisa stálgrind hússins sem er um 17 metra há. Að grunnfleti er frystigeymslan um 2.070 fermetrar. Já, það er allt að gerast á Þórshöfn.



Raufarhöfn fái meiri byggðakvóta

Stjórn Framsýnar krefst þess í ályktun að Raufarhöfn verði úthlutaður meiri kvóti í gegnum byggðakvóta. Þurfi eitt-hvert byggðalag á auknum aflaheimildum að halda sé það Raufarhöfn sem geti ekki treyst á annað atvinnulíf s.s. ferðaþjónustu eða laxeldi sem hefur gjörbreytt mörgum sjáfarþorpum víða um land til batnaðar.



Mynd: Gunnar Páll Baldursson.

„Framsýn stéttarfélag fer fram á hámarksúthlutun fyrir Raufarhöfn hvað varðar úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðarárinu 2024/2025. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum fær Raufarhöfn óbreytta úthlutun á milli ára eða 164 tonn, en hámarksúthlutun almenna byggðakvótans til einstaka byggðarlaga er hins vegar 285 tonn.

Það ætti enginn að þurfa að efast um mikilvægi þess fyrir íbúa Raufarhafnar að fá aukna hlutdeild í byggðakvótanum. Efnahagslegur ávinningur fyrir litlar sjávarbyggðir með úthlutun byggðakvóta, bæði úr almenna og sértæka kerfinu liggur fyrir. Byggðakvóta er ætlað að stuðla að jöfnuði og jafnrétti milli sveitarfélaga á Íslandi, þaðan sem sjávarútvegur er stundaður.

Að mati Framsýnar stéttarfélags er aukin byggðakvóti ein besta byggðaaðgerðin fyrir Raufarhöfn sem lengi hefur verið í vörn og ekki getað treyst á fjölbreytt atvinnulíf, fiskeldi eða vaxandi ferðaþjónustu líkt og þekkist víða í hinum dreifðu byggðum landsins.

Til upprifunar má geta þess að Raufarhöfn var eitt fyrsta byggðarlagið á Íslandi sem fór í verkefni Byggðastofnunar „Brothættar byggðir.“ Byggðakvótinn sem veittur var til Raufarhafnar í gegnum verkefnið styður við markmið um úthlutun byggðakvóta til sjávarbyggða sem eru í vörn og þar sem fólksfækkun hefur verið viðvarandi vandamál. Því miður hefur kvótinn sem Raufarhöfn hefur fengið í gegnum verkefni sem þetta dregist verulega saman sem eru mikil vonbrigði.

Núverandi ríkisstjórn hefur lýst því yfir að hún vilji hleypa nýju lífi í hafnir landsins með því að efla strandveiðar. Það hlýtur einnig að eiga við um sjávarpláss sem treysta á byggðakvóta. Þar er þörfin mest að mati Framsýnar stéttarfélags, það er að tryggja þeim sem eiga allt sitt undir því að byggð haldist á stað eins og Raufarhöfn auknar aflaheimildir í formi byggðakvóta, landverkafólki og sjómönnum til hagsbóta.“

Sérstök dómnefnd að störfum

Hefð er fyrir því að sérstök dómnefnd sé skipuð til að velja fallegar myndir á dagtöl stéttarfélaganna ár hvert. Á ár voru Elín, Emilía og Gunnhildur fengnar til að velja myndirnar á dagatöl stéttarfélaganna. Eftir smá „slagsmál og yfirlegu“ komust þær að niðurstöðu og völdu sjö fallegar myndir sem prýða dagatölin vegna ársins 2025. Þeim til hróss þá runnu dagatölin út eins og heitar lummur og viðskiptavinir Skrifstofu stéttarfélaganna höfðu á orði að myndirnar væru sérstaklega fallegar í ár. Hugsanlega verða þær því fengnar aftur til að velja myndir á dagatölin 2026, það er ef þær verða til friðs.



Skrifstofa í Hrunabúð laus til leigu

Góð og rúmgóð skrifstofa í Hrunabúð var að losna. Skrifstofan er fyrir ofan Skrifstofu stéttarféлага að Garðarsbraut 26, það er á annarri hæð. Hægt er að fá hana leigða í skemmri eða lengri tíma, allt opið hvað það varðar. Frekari upplýsingar gefur Aðalsteinn Árni Baldursson kuti@framsyn.is



Líflegur aðalfundur

Aðalfundur Sjómannadeildar Framsýnar fór fram í lok desember. Tæplega 100 sjómenn eru innan deildarinnar. Fundurinn var að venju líflegur og málefnalegur enda stóð hann yfir í nokkra klukkutíma. Formaður deildarinnar, Jakob G. Hjaltalín, fór yfir skýrslu stjórnar og þá var kosið í stjórn deildarinnar fyrir starfsárið 2025. Kosningu hlutu: Jakob Gunnar Hjaltalín formaður, Börkur Kjartansson varaformaður, Gunnar Sævarsson ritari og Sigdór Jósefsson og Héðinn Jónasson meðstjórnendur. Á fundinum urðu jafnframt umræður um kvótamál, kjaramál sjómanna, strandveiðikerfið og síðustu Alþingiskosningar. Fram kom að 13 félagsmenn innan deildarinnar fengu greiddar kr. 1.003.134,- í námsstyrki á árinu 2024. Um er að ræða verulega hækkun á styrkjum til félagsmanna milli ára en árið 2023 voru greiddar út kr. 194.173,- í styrki vegna starfsmenntunar. Í lokin þakkaði formaður deildarinnar sjómönnum, meðstjórnendum og starfsmönnum Framsýnar fyrir samstarfið á liðnu ári sem hefði verið með miklum ágætum. Þá kom fram hjá Jakobi formanni að þetta væri hans síðasta starfsár sem formaður. Hann hefði ákveðið að stiga til hliðar á aðalfundi deildarinnar sem haldinn verður í lok árs 2025. Vonaðist hann til að varaformaður deildarinnar tæki við keflinu.



Jakob Gunnar Hjaltalín formaður Sjómannadeildar Framsýnar.



Hrólfur Jón Flosason og Haukur Ingi Ákason hafa opnað veitingastað í Golfskálanum á Húsavík. Frábær staður sem vert er að heimsækja.



Guðmunda Steina Jósefs dóttir gerði sér ferð úr Skagafirði til að taka þátt í viðburði stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum „Konur í nýju landi“. Guðmunda starfaði áður innan Framsýnar en gegnir í dag trúnaðarstörfum fyrir Ölduna, stéttarfélag.

Rules of Procedure for applications to the Framsýn sickness fund

These rules of procedure apply to those members who present foreign receipts for expenses that are covered by reimbursements from the Framsýn sickness fund.

To apply for a grant from the sickness fund, the original invoice must be submitted in the original language and in English or Icelandic. Cost sharing shall be broken down on the invoice. If the original of the invoice is issued in English, this is sufficient. A bank receipt from an Icelandic bank confirming payment in Icelandic krona must also be attached. It is imperative that all text is clear and concise. If a translation is not available, a grant will not be paid from the sickness fund.

Starfsreglur

vegna umsókna í sjúkrasjóð Framsýnar

Starfsreglur þessar eiga við um þá félagsmenn sem framvísa erlendum kvittunum fyrir kostnaði sem falla undir endurgreiðslur úr sjúkrasjóði Framsýnar. Vegna umsóknar um styrk úr sjúkrasjóði þarf að leggja fram frumrit reiknings á upprunalegu tungumáli og á ensku eða íslensku. Kostnaðarskipting skal sundurliðuð á reikningi. Ef frumrit reiknings er gefið út á ensku nægir það. Einnig þarf að fylgja með bankakvittun úr íslenskum banka sem staðfestir greiðslu í íslenskum krónum. Brýnt er að allur texti sé skýr og skilmerkilegur. Sé þýðing ekki fyrir hendi fæst ekki greiddur styrkur úr sjúkrasjóði.

20 ára afmælimót Goðans

Dagana 13. til 16. mars fór fram fjölmennt skákmót í Skjólbrekku í tilefni af 20 ára afmæli skáklagsins Goðans. Tugir keppenda, þar á meðal nokkrir stórmeistarar, tóku þátt í mótinu sem fór einstaklega vel fram. Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri Þingeyjarsveitar lék fyrsta leiknum í skák stórmeistarans Simon Williams (stigahæsta keppanda mótsins) gegn landsliðskonunni Hallgerði Helgu Þorsteinsdóttur. Framsýn stéttarfélag hefur lengið komið að því að styðja við bakið á skáklagsinu með styrkjum og með því að lána félaginu fundarsal stéttarfélaganna undir mót og skákæfingar. Starfsemi Goðans hefur verið öflugt í gegnum tíðina en Hermann Aðalsteinsson er formaður skáklagsins. Framsýn óskar Goðanum til hamingju með 20 ára afmælið.



Mynd: Goðinn

Námsstyrkir í boði fyrir félagsmenn

Félagsmenn stéttarfélaganna Þingiðnar og STH eiga rétt á góðum námsstyrkjum úr þeim starfsmenntasjóðum sem þeir eiga aðild að í gegnum samþykktir og kjarasamninga félaganna.

Um er að ræða mjög góða námsstyrki.

Frekari upplýsingar eru í boði á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Scholarships available for members

Members of Framsýn, Þingiðnar and STH unions are entitled to good scholarships from the education and training funds through the unions' collective agreements.

These are very good scholarships.

More information is available at the Trade Unions office.



STARFSMAÑNAFÉLAG
HÚSAVÍKUR



Hátíðarhöld 1. maí

Að venju stefna stéttarfélögin að því að bjóða upp á metnaðarfulla dagskrá á baráttudeigi verkafólks 1. maí. Hátíðarhöldin verða á Fosshótel Húsavík. Boðið verður upp á viðeigandi dagskrá og heimsins bestur tertur. Ekki missa af þessum einstaka viðburði. Dagskráin verður auglýst betur þegar hún liggur fyrir inn á framsyn.is.



Kvóti og flugsamgöngur

Þingmaðurinn Ingvar Þóroddsson óskaði eftir fundi með formanni Framsýnar til að fara yfir atvinnu- og byggðamál í Þingeyjarsýslum og önnur þau mál sem brenna á heimamönnum. Ingvar er þingmaður í Norðausturkjördæmi auk þess að sitja í nefndum og ráðum á vegum Alþingis. Aðalsteinn Árni lagði sérstaka áherslu á mikilvægi þess að þingmenn kjördæmisins gangi til liðs við heimamenn, hvað varðar samgöngumál, með það að markmiði að tryggja öruggar flugsamgöngur um Húsavík til framtíðar. Þá lagði hann ekki síður áherslu á mikilvægi þess að byggðakvóti til handa Raufarhöfn verði aukin verulega. Að mati Framsýnar er aukin byggðakvóti ein besta byggðaaðgerðin fyrir Raufarhöfn sem lengi hefur verið í vörn og ekki getað treyst á fjölbreytt atvinnulíf, fiskeldi eða vaxandi ferðaþjónustu líkt og þekkist víða í hinum dreifðu sjávarbyggðum landsins. Til upprifunar má geta þess að Raufarhöfn var eitt fyrsta byggðarlagið á Íslandi sem fór í verkefni Byggðastofnunar „Brothættar byggðir.“ Ingvar sagðist átta sig vel á stöðunni, þakkaði fyrir upplýsingarnar um leið og hann lagði mikið upp úr góðu samstarfi við Framsýn og íbúa svæðisins hvað varðaði hagsmunamál Þingeyinga.



Vel sótt trúnaðar- mannanámskeið

Stéttarfélögin Framsýn, Þingið og Starfsmannafélag Húsavíkur ásamt Verkalýðsfélagi Þórshafnar stóðu fyrir trúnaðarmannanámskeiði í lok mars. MFA skipulagði námskeiðið fyrir stéttarfélögin. Innan þessara stéttarfélaga eru um 40 trúnaðarmenn á öllum helstu vinnustöðum á svæðinu. Að þessu sinni tóku um 20 trúnaðarmenn þátt í námskeiðinu sem er frábær þátttaka. Trúnaðarmennirnir koma víða að af félagssvæðinu, það er frá Þórshöfn að Vaðlaheiðargöngum. (Mynd úr safni)



Góð nýting á íbúðum stéttarfélaganna

Gríðarleg ánægja er meðal félagsmanna með íbúðir Framsýnar og Þingiðnar í Hraunholtinu á Húsavík. Félagsmenn hafa notað þær sem sjúkra- og orlofsíbúðir auk þess sem félagsmenn sem hafa verið að taka sín hús í gegn hafa fengið þær lánaðar í lengri tíma eða tvær til þrjár vikur í senn. Hægt er að verða við slíkum óskum yfir vetrartímann. Íbúðirnar verða síðan í stöðugri leigu í sumar til félagsmanna, enda orlofstímabil. Þá hafa íbúðirnar komið félagsmönnum utan Húsavíkur vel sem hafa þurft að vera í nálægð við Sjúkrahúsið á Húsavík vegna eigin veikinda eða aðstandenda.





Viltu efla þína fjárhagslegu heilsu?

Kynntu þér allt um sparnað
hjá Íslandsbanka